

# Fundargerð fyrir sameiginlegan fund minjaráða

8. maí 2024 kl. 10 – 12,

## 1. Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands:

### **Setning fundarins. Minjastofnun og minjavernd á nýjum tímum.**

Rúnar setti fundinn og fór yfir dagskrána. Svo tók við almenn kynning á hlutverki og helstu verkefnum stofnunarinnar, svo sem hvað menningarminjar séu, mun á aldursfriðun og friðlýsingum, lög um menningarminjar og fl. Einnig var rætt um sérstöðu Íslands, fá lönd sem státa af jafn vel varðveittum fornleifum þar sem land hér er ekki plægt fyrir akuryrkju. Hér á landi voru byggð torfhús frá landnámi og svo þróaðist sá byggingararfur fram á 20. öld þannig að hér á landi náðist að fóstora evrópskan byggingararf sem hvergi annars staðar hefur varðveist.

Þróun minjavörslu er að horfa frekar á samhengi minja og menningarlandslag frekar en einstakar minjar. Þau verkefni sem stofnunin stendur frammi fyrir kalla á samstarf margra aðila, styrkja þarf vitund almennings og skilning á mikilvægi byggingararfs og menningarminja. Ný skýrsla starfshóps umhverfissráðherra um stöðu minjaverndar í landinu mun nýtast inn í stefnumótunarvinnu næstu ára.

Minjaráðin eru mikilvægir tengiliðir stofnunarinnar inn í nærsamfélagið, hafa stuðlað að aðkomu stofnunarinnar að ákveðnum verkefnum og verið stofnuninni til ráðgjafar. Þau hafa aðkomu að stefnumálum, verið ráðgjafar um verndun og nýtingu minjastaða, sem og skipulagsmál, verndarsvæði í byggð og friðlýsingar.

## 2. Þór Ingólfsson Hjaltalín sviðstjóri minjavarðasviðs:

### **Minjaráðin – skipulag og verkefni fram undan.**

Lengi verið rætt um að hafa svona fund og stefnt er að því að heildarfundur minjaráðanna verði árlegur viðburður. Kynnt voru hlutverk minjaráða, starfsemi og tilgangur. Mættum nýta fundargerðir þeirra betur inni vinnu stofnunarinnar.

Farið var yfir þau umræðuefni sem ræða á í hópvinnu.

## 3. Minjavernd – Staða, áskoranir og tækifæri.

### a) Minjavernd – aðkoma almennings (lykilþættir 1 og 7)

Áhugi almennings að glæðast – sjá virði minja t.d. fyrir ferðamennsku. Mikilvægt að styðja við góð verkefni, t.d. átthagafélag sem hefur gert upp kirkju á Hornströndum. Gott að kynna svona verkefni víðar til að vekja áhuga annarra og þar hafa minjaráðsfultrúar hlutverk sem tengiliðir milli samfélagsins og stofnunarinnar.

Lítill félagasamtök eru oft að leita að tækifæri á heimasvæðum til að koma að, eru jafnvel með fjármagn, minjaráðin gætu nýst til að ná betur til þessa hóps, safna saman hugmyndum að verkefnum og leiða saman fólk.

Spurning um fræðslu á vegum Minjaráða, stórt verkefni og tímafrekt, minjaráðin gætu kannski frekar vakið athygli og tengt saman fólk, frekar en að standa sjálfst að fræðslu.

### b) Friðlýsingar – skilvirkt úrræði í minjavernd (Lykilþáttur 2)

Rætt um að friðlýsingar séu nauðsynlegt tæki sem hægt sé að grípa til. Sérstaklega þegar kemur að nýminjum, t.a.m. vegna framkvæmda í þéttbýli, en oft skorti á samtal við skipulagsyfirvöld. Hefur oft verið notað sem neyðarúrræði en skapar oft togstreitu. Nauðsynlegt sé að endurskoða friðlýsingaskrána og affriðlýsa minjum sem eru horfnar eða þar sem friðlýsing eigi ekki lengur við. Friðlýsing skapar reglur og viðmið varðandi umgang um staði sem er mjög mikilvægt. Minjaráð gætu komið að endurskoðun friðlýsingarkrár og sérstaklega til að koma með hugmyndir að nýjum svæðum til friðlýsinga. Einnig gætu minjaráðin nýst betur til að fjalla um verndarsvæði í byggð.

c) Varðveisla nýminja (Lykilþáttur 6)

Nýminjar teljast þær sem eru yngri en 100 ára, en eru þess eðlis og hafa slíkt gildi að ástæða væri til að varðveita þær til frambúðar. Undir þetta falla til dæmis; herminjar, iðn- og tækniminjar, orkuminjar, símaklefar, bensínstöðvar og brúsapallar svo eitthvað sé nefnt. Ábyrgð sveitarfélaga er mikil og ætti að vera unnt að hvetja þau til að nýta betur hverfisvernd í aðalskipulagi. Sveitarfélög hafa fjármagn sem mætti sækja í og skipulagsvald til að hanna byggð kringum minjar. Einnig mætti leita eftir fjármagni frá fyrirtækjum, Innviðasjóði og fleiri aðilum. Efla þarf skráningu á nýminjum þannig að sveitarfélög og almenningur séu meðvituð um gildi sögulegra hluta í nærsamfélagi. Taka mætti mið af örnefnaskráningu. Hvetja þurfi almenning til stuðnings við hugmyndir um nýminjar sem hafa sögulegt gildi, og kalla eftir ábendingum um merkilega staði. Þar mætti hafa stuðning af ýmsum hópum svo sem áttthagafélögum, náttúrustofum, umhverfissamtökum, skátum, gönguhópum, hollvinasamtökum, umhverfis- og menningarmálanefndum sveitarfélaga og fl.

d) Menningarlandslag – verðmæti og varðveisla (Lykilþáttur 9).

Hver er munur á menningarlandslagi og búsetulandslagi. Friðlýsingar hafa svolítið neikvætt viðhorf í dag, en þarna er mjög mikilvægt samtal allra hagaðila sem þarf að fara betur af stað. Fólk sjái gildi og verðmæti í ásýnd bæjar og umhverfi. Rætur búsetu á svæðinu. Minjavernd er ekki andstaða uppbyggingar.

e) Minjar í hættu – verndun og viðhorf (Lykilþáttur 12)

Farið yfir hvaða hættur stafa að minjum, bæði náttúrlegar orsakir sem geta verið margvíslegar sem og hættu frá framkvæmdum. Þarf að vekja athygli á minjaráðum sem hægt er að hafa samband við vegna minja í hættu sem og á starfsmönnum Minjastofnunar. Rækta betur samstarf við þær stofnanir sem sinna vöktun og eru jafnvel með vöktunaráætlanir, rekast oft á minjar í hættu. Hnappur á heimasíðu Minjastofnunar þar sem hægt er að tilkynna minjar í hættu, þyrfti að kynna þann möguleika betur. Einnig þarf að ræða meira um hús og mannvirki í hættu, vegna bruna og svo vegna breytinga á veðurfari.

#### 4. Önnur mál og fyrirspurnir.

Rætt um að minjaráð gætu safnað saman upplýsingum um öll áttthaga og áhugamannafélög á sínu svæði og ræktað samband við þau.